

Nr. 63.
22.
nóvbr.

Lög

um

kennaraskóla í Reykjavík.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Kennaraskóla skal stofna í Reykjavík og má verja til skólahúss, áhalda og innanstokksmuna allt að 30,000 kr. úr landssjóði.

2. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur sem karla. Kennslan veitist ókeypis.

3. gr.

Þrjár ársdeildir eru í skólanum.

Skólaárið er frá 1. október til 31. marz. Utanskólanemendum má yfirstjórn fræðslumálanna leyfa að ganga undir árspróf skólans, og þeim, sem fengizt hafa við barnakennslu um tveggja ára bil, að minnsta kosti, má leyfa að ganga undir burtfararpróf skólans.

4. gr.

Kennslugreinir kennaraskólans eru þessar: Íslenzka, danska, saga, landafræði og náttúrufræði, og þó einkum það, er Ísland snertir, reikningur, rúmfræði, skript, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristin fræði, uppeldis- og kennslufræði, og kennsluæfingar. Auk þess má taka upp kennslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr.

Við skóla þennan skipar ráðherrann 3 fasta kennara. Einn þeirra er skólastjóri og hefur að árslaunum 2,400 kr. auk ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, hita og ljóss. Annar kennari hefur 2,200 kr. í árslaun og þriðji kennari 2,000 kr.

Skólastjóri hefur alla umsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans.

Nr. 63. Lög 22. nóvember um kennaraskóla í Reykjavík.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

LOV

om

et Lærerseminarium i Reykjavik.

Nr. 63.
22.
Novbr.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I Reykjavik skal der oprettes et Lærerseminarium. Til Tilvejebringelse af Skolebygning, Apparater og Inventarium kan anvendes indtil 30,000 Kroner af Landskassen.

§ 2.

Adgang til Seminariet har saavel Kvinder som Mænd; for Undervisningen erlægges ingen Betaling.

§ 3.

Skolen inddeles i 3 Aarsklasser.

Skoleaaret varer fra 1. Oktober til 31. Marts. Overbestyrelsen for Undervisningssager kan tillade Privatister at underkaste sig Skolens Aarsprøver, og dem, som har undervist Børn i mindst 2 Aar, kan der gives Tilladelse til at indstille sig til Skolens Afgangseksamen.

§ 4.

Seminariets Undervisningsfag er følgende: Islandsk og Dansk, Historie, Geografi og Naturhistorie, fornemmelig vedrørende Island; Regning og Geometri, Skrivning, Tegning, Haandarbejde, Gymnastik, Sang, Kristendomsundervisning, Pædagogik, Undervisningslære og Undervisningsøvelser. Desuden kan der optages Undervisning i Havedyrkning og Madlavning.

§ 5.

Ved Seminariet beskikkes af Ministeren tre faste Lærere, hvoraf en er Forstander; denne har en aarlig Lønning af 2,400 Kroner foruden fri Bolig i Skolebygningen; anden Lærer lønnes med 2,200 Kroner, og tredje Lærer med 2,000 Kroner aarlig.

Seminariets Forstander fører Tilsyn med Skolens Bygning og Inventar.

Nr. 63. Lov af 22. November om et Lærerseminarium i Reykjavik.

Nr. 63.
22.
nóvbr.

6. gr.

Kennarar skólans eru skyldir til, að hafa á hendi ókeypis um tveggja mánaða tíma á ári, kennslu og æfingar við framhaldskennsluskeið fyrir lýðskólakennara, eptir nánari reglum, er yfirstjórn fræðslumála setur.

7. gr.

Stjórnarráðið hefur á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugjörð fyrir hann.

8. gr.

Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 6.

Nr. 63.
22.
Novbr.

Seminariets Lærere ere pligtige til, efter nærmere Bestemmelse af Overbestyrelsen for Undervisningssager, uden Vederlag 2 Maaneder hvert Aar at meddele Undervisning og Øvelser ved et Fortsættelseskursus for Folkeskolelærere.

§ 7.

Overtilsynet med Seminariet udøves af Ministeriet, der udfærdiger et Reglement for samme.

§ 8.

Udgifter til Seminariet udredes af Landskassen.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 22. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.